

Miðvikudaginn 13. mars 1991.

Nr. 74/1989. **Sigurósk Rannveig Aðalsteinsdóttir og
Brunabótafélag Íslands**

(Hákon Árnason hrl.)

gegn

Þóri Bjarnasyni persónulega og

f.h. Páls Þórissonar og

dánarbús Grétu Pálsdóttur

(Jóhann Þórðarson hrl.)

og gagnsök

Bifreiðar. Skaðabætur. Örorka.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Guðmundur Jónsson, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Gunnar M. Guðmundsson, settur hsætaréttardómari.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 7. mars 1989. Krefjast þau aðallega sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjenda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefjast þau þess, að fébætur til gagnáfrýjenda verði verulega lækkaðar, en málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti felldur niður.

Gagnáfrýjendur hafa áfrýjað málinu með stefnu 20. mars 1989. Dómkröfur þeirra eru þær, að aðaláfrýjendur verði in solidum dæmd til að greiða gagnáfrýjandanum Þóri Bjarnasyni 7.604.172 krónur vegna ófjárráða sonar hans, Páls Þórissonar, með 9,5% ársvöxtum af 7.542.646 krónum frá 26. september 1986 til 1. mars 1987, 10,5% frá þeim degi til 1. maí s.á., 21,3% frá þeim degi til 1. júní s.á., 22,9% frá þeim degi til 1. júlí s.á., 24,6% frá þeim degi til 1. ágúst s.á. og 28,8% frá þeim degi til 1. september s.á., með 29,9% ársvöxtum af 7.568.916 krónum frá þeim degi til 1. október s.á., 30,5% frá þeim degi til 1. nóvember s.á., 31,5% frá þeim degi til 1. desember s.á., 35% frá þeim degi til 1. janúar 1988, 36,2% frá þeim degi til 1. febrúar s.á., 36,4% frá þeim degi til 1. mars s.á., 35,6% frá þeim degi til 1. apríl s.á. og 33,2% frá þeim degi til 1. maí s.á., með 32% ársvöxtum af 7.604.172 krónum frá þeim degi til 1. júní s.á. og 35,6% frá þeim degi til 16. s.m., en með hæstu leyfilegum dráttarvöxtum skv. 10. gr., sbr. 15. gr. vaxta-

laga nr. 25/1987 af sömu fjárhæð frá þeim degi til greiðsludags. Verði áfallnir vextir lagðir við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 26. september 1987. Í annan stað verði aðaláfrýjendur dæmd á sama hátt til að greiða gagnáfrýjandanum Þóri Bjarnasyni 840.000 krónur vegna dánarbús látinnar eiginkonu hans, Grétu Pálsdóttur, og honum persónulega 120.000 krónur, í báðum tilvikum með sömu vöxtum og fyrr greinir frá 1. september 1987 til greiðsludags. Þá krefjast gagnáfrýjendur málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

I.

Mál þetta er risið af umferðarslysi, er varð á Arnarbakka í Reykjavík föstudaginn 26. september 1986, þegar gagnáfrýjandinn Páll Þórisson, þá níu ára að aldri, varð fyrir fólksbifreiðinni Í-2462 á reiðhjóli, sem hann ók. Var bifreiðin á ferð, þar sem beygja er á akbrautinni til vinstri miðað við akstursstefnu, þegar reiðhjólið bar að niður halla handan beygjunnar, og lenti það á vinstra framhorni bifreiðarinnar. Við áreksturinn fékk drengurinn mikinn höfuðáverka, og er hann talinn algjör öryrki af völdum hans, svo sem rakið er í læknisfræðigögnum málsins.

Slysið varð um miðjan dag í björtu veðri. Þannig hagar til, að við slysstaðinn er barnaleikvöllur öðrum megin Arnarbakka, en hinum megin barnaskóli. Meðfram leikvellingum er allhátt grindverk, sem skerðir sýn vegfarenda fyrir beygjuna á akbrautinni.

Um atvik að slysinu eru ekki aðrir til frásagnar en aðaláfrýjandinn Sigurósk Rannveig Aðalsteinsdóttir, sem ók bifreiðinni, og unnusti hennar, er var farþegi í framsæti, svo og jafnaldri Páls Þórissonar, er sat fyrir aftan hann á reiðhjólinu.

Af ummerkjum á slysstaðnum samkvæmt vettvangsuppdrætti lögreglu og ljósmyndum verður ekki ráðið með vissu, hvar á akbrautinni bifreiðin og reiðhjólið voru í þann mund, er slysið varð, eða rétt áður. Verður þannig ekki fullyrt, til hvaða orsaka slysið verði helst rakið.

Samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 67. gr., sbr. 1. mgr. 69. gr. og 70. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sem í gildi voru á þessum tíma, bera aðaláfrýjendur fébótaábyrgð á tjóni gagnáfrýjenda af völdum slyssins. Eins og háttað er upplýsingum um atvik að slysinu samkvæmt framansögðu, eru ekki næg efni til þess að beita heimildarákvæði 3. mgr. 67. gr. nefndra laga og takmarka bótarétt gagnáfrýjenda.

Ber því að staðfesta niðurstöðu héraðsdómara um óskoraða og óskipta fébótaábyrgð aðaláfrýjenda.

II.

Í málinu eru gerðar þessar kröfur af hálfu gagnáfrýjandans Páls Þórissonar:

1. Örorkutjón skv. útreikningi:	
Verðmæti tapaðra vinnutekna	kr. 7.964.536
Verðmæti lífeyrisréttinda	— 464.664
	Kr. 8.429.200
Frádráttur vegna bóta almannatrygginga:	
Verðmæti örorkulífeyris kr. 1.044.912	
Verðmæti tekjutryggingar — 1.866.456	— 2.911.368
	Kr. 5.517.832
2. Bætur vegna þjáninga, lýta og röskunar á stöðu og högum	kr. 2.000.000
3. Fatatjón	— 12.334
4. Andvirði reiðhjóls	— 12.480
5. Aksturskostnaður	— 26.270
6. Kostnaður vegna læknisvottorða, örorkumats og útreiknings	— 35.256
Samtals	Kr. 7.604.172

Um 1.

Kröfuliðir þessir eru byggðir á örorkutjónsútreikningi Guðjóns Hansen tryggingafræðings frá 6. apríl 1988, þar sem stuðst er við úrtaksrannsókn Þjóðhagsstofnunar á vinnutekjum kvæntra verkamanna í Reykjavík árin 1975-1979 og tekjurnar umreiknaðar með tilliti til síðari breytinga á kjarasamningum og upplýsinga Kjara-rannsóknarnefndar um launaþróun á 4. ársfjórðungi 1986 og fram eftir ári 1987. Voru árlegar vinnutekjur verkamanns taldar nema 863.341 krónu á útreikningsdegi. Nýs útreiknings hefur ekki verið aflað. Með hliðsjón af skattfrelsi örorkubóta og hagræði af greiðslu þeirra í einu lagi má fallast á mat héraðsdómara á örorkutjóni Páls Þórissonar, 4.800.000 krónur.

Um 2.

Þegar virt eru hin miklu örkuml Páls Þórissonar af völdum slyss-

ins, þykja miskabætur einnig hæfilega ákveðnar í héraðsdómi, 1.500.000 krónur.

Um 3.-5.

Telja má kröfuliðum þessum í hóf stillt. Verða þeir teknir til greina að fullu, alls 51.084 krónur (12.334 + 12.480 + 26.270).

Um 6.

Þessi kröfuliður verður tekinn til greina við ákvörðun málskostnaðar.

Samkvæmt þessu verða aðaláfrýjendur dæmdir til að greiða óskipt 6.351.084 krónur til gagnáfrýjandans Þóris Bjarnasonar vegna ófjárráða sonar hans, Páls Þórissonar, með vöxtum eins og greint er í dómsorði.

III.

Í málinu er gerð sú krafa fyrir hönd dánarbús Grétu Pálsdóttur, móður Páls Þórissonar, að aðaláfrýjendur greiði óskipt 840.000 krónur í fébætur vegna vinnuframlags hennar við umönnun og endurhæfingu drengsins eftir slysið fram til þess, að hún andaðist 1. september 1987. Hún hafði áður stundað launaða vinnu utan heimilis, eins og rakið er í héraðsdómi, og má fallast á útlistun dómara á umfangi þeirra launatekna, sem hún varð af við að leggja niður þá vinnu. Hins vegar er krafan ekki einskorðuð við sannaðan missi vinnutekna, eins og einnig kemur fram í dómnum, heldur er hún talin miðuð við framlag móðurinnar til nauðsynlegrar umönnunar drengsins. Viðurkennt er, að hann þarfnadist stöðugar umönnunar á mánuðunum eftir slysið og að móðirin helgaði sig meðferð hans allt þar til hún féll frá. Endurhæfing Páls eftir slysið hófst á barnadeild Landspítalans undir lok október 1986 og var haldið áfram í dagvistun á Reykjalundi frá ársbyrjun til aprílloka 1987. Eftir það tók við vistun á dagheimili hluta úr degi og síðar í Öskjuhlíðarskóla. Staðfest er með vottorði læknis við Reykjalund, að móðir drengsins hafi verið með honum í meðferðinni þar og á Landspítala og aðstoðað við hana, enda hafi þátttaka hennar verið forsenda þess, að unnt væri að vinna að endurhæfingu drengsins.

Að öllu athuguðu þykir rétt að ákveða bætur til dánarbúsins 540.000 krónur, sem aðaláfrýjendum ber að greiða óskipt með vöxtum eins og í dómsorði greinir.

Gagnáfrýjandinn Þórir Bjarnason tók einnig þátt í umönnun sonar síns, meðan hann lá á Landspítalanum, og síðan á heimili hjónanna, þar sem hann aðstoðaði eiginkonuna og leysti hana af síðdegis, eftir að hann kom sjálfur frá vinnu. Telja verður sannað, að hann hafi af þessum sökum misst nokkuð í tekjum af yfirvinnu í starfi sínu hjá Íslenska álfélaginu hf. á tímanum fram til ársloka 1986, jafnframt því sem hann hafi tekið sér launalaus leyfi frá starfinu umfram það, sem verið hefði að óbreyttum högum fjölskyldunnar. Ljóst þykir, að faðirinn hafi lagt verulegan skerf til endurhæfingar drengsins, og ber að fallast á rétt hans til bóta. Teljast þær hæfilega ákveðnar 80.000 krónur, sem aðaláfrýjendum ber að greiða honum óskipt með vöxtum eins og í dómsorði greinir.

Dæma ber aðaláfrýjendur til að greiða gagnáfrýjendum óskipt málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Þykir hann hæfilega ákveðinn 1.350.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti af málflutningsþóknun. Hefur þá verið tekið tillit til kostnaðar af gagnaðflun í málinu.

D ó m s o r ð:

Aðaláfrýjendur, Sigurósk Rannveig Aðalsteinsdóttir og Brunabótafélag Íslands, greiði gagnáfrýjanda Þóri Bjarnasyni vegna ófjárráða sonar hans, Páls Þórissonar, óskipt 6.351.084 krónur með ársvöxtum sem hér segir: 9% af 6.324.814 krónum frá 26. september 1986 til 21. janúar 1987, 9,5% frá þeim degi til 1. mars s.á., 10,5% frá þeim degi til 1. maí s.á., 12% frá þeim degi til 21. júní s.á., 13% frá þeim degi til 11. júlí s.á. og 15% frá þeim degi til 1. september s.á., 15% af 6.351.084 krónum frá þeim degi til 21. s.m., 17% af þeirri fjárhæð frá þeim degi til 11. október s.á., 19% frá þeim degi til 1. nóvember s.á., 20% frá þeim degi til 21. s.m., 22% frá þeim degi til 11. febrúar 1988, 23% frá þeim degi til 21. s.m., 22% frá þeim degi til 1. mars s.á., 19% frá þeim degi til 6. apríl s.á., 33,2% frá þeim degi til 1. maí s.á., 32% frá þeim degi til 1. júní s.á. og 35,6% frá þeim degi til 16. s.m., en síðan dráttar-

vöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af sömu fjárhæð frá þeim degi til greiðsludags.

Aðaláfrýjendur greiði gagnáfrýjanda Þóri Bjarnasyni vegna dánarbús eiginkonu hans, Grétu Pálsdóttur, óskipt 540.000 krónur með sömu vöxtum og fyrr greinir frá 1. september 1987 til greiðsludags.

Aðaláfrýjendur greiði gagnáfrýjanda Þóri Bjarnasyni óskipt 80.000 krónur með sömu vöxtum og fyrr greinir frá 1. september 1987 til greiðsludags.

Aðaláfrýjendur greiði gagnáfrýjendum óskipt 1.350.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 30. desember 1988.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 9. desember sl., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 16. júní sl., af Grétu Pálsdóttur, nnr. 2703-1150, og Þóri Bjarnasyni, nnr. 9634-9203, báðum til heimilis að Lambastekk 9, Reykjavík, f.h. ófjárráða sonar þeirra, Páls Þórissonar, kt. 170377-3469, gegn Sigurósk Rannveigu Aðalsteinsdóttur, nnr. 8034-2098, Hlíðarvegi 3, Ísafirði, og Brunabótafélagi Íslands, nnr. 1484-8968, Laugavegi 103, Reykjavík.

Gréta Pálsdóttir lést þann 1. september sl., og hefur dánarbú hennar tekið við málsókninni. Samkvæmt heimild frá skiptaráðandanum í Reykjavík, d. 8. desember sl., fer Þórir Bjarnason með fyrirvar fyrir dánarbúið. Við aðalflutning málsins þann 9. desember sl. var bókað, að það væri sameiginlegur skilningur aðila, að mál þetta væri rekið af Þóri Bjarnasyni persónulega vegna krafna um bætur vegna tapaðra vinnutekna, f.h. dánarbúsins vegna tapaðra vinnutekna Grétu heitinnar Pálsdóttur og jafnframt sem fjárráðamanni f.h. ófjárráða sonar hans, Páls Þórissonar.

Dómkröfur.

Dómkröfur stefnenda, eins og þær koma fram í stefnu, eru þær, að stefndu verði in solidum dæmd til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 8.564.172 með [nánar tilgreindum vöxtum auk málskostnaðar].

Dómkröfur stefndu eru þær aðallega, að þau verði sýknuð af kröfum stefnenda og tildæmdur málskostnaður úr þeirra hendi, en til vara, að umstefndar fébætur verði stórlega lækkaðar og málskostnaður felldur niður.

Málavextir.

Í stefnu er málavöxtum þannig lýst: Þann 26. september 1986 varð umferðarslys á Arnarbakka í Reykjavík. Slys þetta bar að með þeim hætti, að tveir piltar, Páll Þórisson, einn stefnenda máls þessa, og Hreinn Ólafur Davíðsson, Eyjabakka 20, Reykjavík, f. 12.10.77, komu akandi saman á reiðhjóli vestur Arnarbakka. Skammt sunnan við beygju, sem er á Arnarbakkanum, kom bifreiðin Í-2462 á móti þeim, en henni hafði verið ekið suður Arnarbakkann. Þarna varð árekstur á milli reiðhjólans og bifreiðarinnar með þeim afleiðingum, að Páll Þórisson hlaut mikla áverka á höfði og er talinn 100% öryrki frá slysdegi til æviloka.

Lögreglan kom á slysstað, gaf skýrslu um málið og gerði uppdrátt af slysstað. Skýrsla var tekin af ökumanni og eiganda bifreiðarinnar, stefndu Sigurósk Rannveigu Aðalsteinsdóttur. Einnig var tekin skýrsla af Húna Sævari Ásgeirssyni, Hafnargötu 115 A, Bolungarvík, en hann var farþegi í bifreiðinni, þegar slysið varð. Samkvæmt skýrslu lögreglunnar taldi öku- maðurinn sig vera á 30 km hraða á klukkustund. Þegar ekið er austur Arnarbakka, er Breiðholtsskóli á hægri hönd, en á vinstri hönd, alveg við umrædda beygju, er barnaleikvöllur. Beygjan þarna er nokkuð kröpp, og skerðir þétt og hátt grindverk útsýni, bæði til vesturs, þegar ekið er suður með götunni, og til norðurs, þegar ekið er í vestur. Slys þetta varð kl. rúmlega 15.00, og kemur fram, að veður var gott, skýjað, vegurinn þurr og skyggni gott.

Vegna örkumla sinna hefur stefnandi Páll Þórisson ekki verið fær um að skýra frá tildrögum slyssins. Félagi hans, Hreinn Ólafur Davíðsson, var 9 ára, er slysið varð, og taldi lögreglan ekki fært að taka skýrslu af honum, en ræddi við móður hans. Hafði hún það eftir Hreini, að þeir félagar hefðu hjólað utan götunnar meðfram barnaleikvellingum og síðan farið út á götuna.

Páll Þórisson var fluttur af slysstað í sjúkrabifreið á slysadeild Borgarspítalans. Þar voru framkvæmdar á honum tvær höfuðaðgerðir til að fjarlægja blóðvökva úr vinstra heilahveli. Páll var síðan fluttur á gjörgæsludeild Borgarspítalans, þar sem hann var meðvitundarlaus í öndunarvélum til 12. október s.á., er hann fór loks að vakna til meðvitundar. Páll var síðan fluttur á Barnaspítala Hringsins á Landspítalanum þann 28. okt. 1986 til endurhæfingar.

Rannsóknir sýndu, að Páll hafði tapað miklu af heilavef í vinstra hluta gagnaugasvæðis, aftur í hnakkasvæði og fram í ennisvæði. Ennisheila-skadinn olli skorti á hömlum og miklum óróleika. Þurfti af þessum sökum að gefa honum geðlyf, meðan á dvöl hans á Landspítalanum stóð. Í byrjun árs 1987 fór Páll að Reykjalundi til áframhaldandi æfinga, m.a. til að læra að tala. Fór honum talsvert fram bæði með tal og hreyfingar. Dvaldist hann

á Reykjalundi til 26. apríl 1987, er hann fór að Lyngási og síðan í Öskjuhlíðarskóla í september 1987. Í vottorði Sveins Más Gunnarssonar læknis á dskj. nr. 4 segir, að móðir Páls hafi alla tíð verið með honum, enda hafi það verið forsenda þess, að hægt væri að vinna að endurhæfingu Páls.

Þann 2. janúar 1988 mat Björn Önundarson tryggingalæknir örorku Páls og metur hana 100% frá slysdegi 26. september 1986 til æviloka. Á grundvelli þessa reiknaði Guðjón Hansen tryggingafræðingur út örorkutjón Páls.

Bifreiðin Í-2462 er skylduvátryggð hjá stefnda Brunabótafélagi Íslands.

Í greinargerð stefndu á dskj. nr. 19 er málavöxtum m.a. lýst svo: „Arnarbakki liggur í aflíðandi beygju frá vestri og upp halla á götunni til norðurs, en norðan og vestan götunnar er barnaleikvöllur og grindverk umhverfis. Hafði Páll hjólað utan götunnar meðfram grindverkinu á móti beygjinni, og reiddi hann jafnaldra sinn á hjólinu. Rétt ofan við slysstaðinn sveigði Páll til vinstri inn á götuna og hjólaði á miklum hraða undan götuhallanum yfir á rangan vegarhelming og beint á bifreiðina. Gafst ökumanni ekkert ráðrúm til að afstýra árekstri, og skall hjólið á vinstra framhorni bifreiðarinnar.“

Málsástæður og lagarök stefnenda.

Í stefnu kveða stefnendur kröfur sínar reistar á því, að ökumaður bifreiðarinnar Í-2462 hafi valdið slysinu með því að aka of hratt miðað við aðstæður, þ.e. um svæði, þar sem er barnaleikvöllur og skóli. Við þessar aðstæður hafi ökumanninum borið að sýna ýrtruðu aðgæslu. Engu að síður viðurkenni ökumaðurinn að hafa ekið á 30 km hraða á klukkustund. Útsýni til vegarins fram undan hafi verið skert vegna grindverksins, sem sé í kringum barnaleikvöllinn, og ekið hafi verið um svæði, þar sem vænta mátti mikils fjölda barna, gangandi og á hjólum. Sé litið á uppdráttinn af vettvangi, hljóti bifreiðin að hafa verið eitthvað handan miðlínu vegar, þegar hjólið varð fyrir henni.

Krafa stefnanda dánarbús Grétu Pálsdóttur sé reist á því, að Gréta heitin hafi þurft að taka fullan þátt í umönnun og endurhæfingu Páls. Hafi slíkt verið forsenda fyrir því, að einhvers árangurs væri að vænta. Er bent á, að hún hafi verið í fullri vinnu fyrir slysið. Samkvæmt launatöxtum Verkakvinnafélagsins Framsóknar telja stefnendur tjónið hæfilega metið á kr. 840.000.

Krafa Þóris Bjarnasonar persónulega sé reist á því, að hann hafi í kjölfar slyssins orðið að hætta allri aukavinnu, þar sem hann hafi tekið þátt í umönnun Páls á kvöldin fyrstu mánuðina eftir slysið. Hafi hann af þessum sökum orðið fyrir tekjumissi, sem sé hæfilega metinn kr. 120.000.

Stefnendur kveða stefnufjárhæðina þannig fundna:

1. *Kröfur Páls Þórissonar:*

a. Örorkutjón að frádregnu verðmæti örorku- lífeyris og tekjutryggingar	kr. 5.053.168
b. Jafnvirði framlags vinnuveitanda til lífeyrissjóðs....	kr. 464.664
c. Miskabætur	kr. 2.000.000
d. Fataskemmdir	kr. 12.334
e. Skemmdir á reiðhjóli	kr. 12.480
f. Akstur til og frá sjúkrahúsum	kr. 26.270
g. Kostnaður vegna læknisvottorða, örorkumats og örorkutjóns o.s.frv.	kr. 35.256
Samtals	kr. 7.604.172

2. *Kröfur dánarbús Grétu Pálsdóttur:*

a. Vinnutekjutap v/umönnunar Páls Þórissonar	kr. 840.000
Samtals	kr. 840.000

3. *Kröfur Þóris Bjarnasonar:*

a. Yfirvinnutekjutap v/umönnunar Páls Þórissonar ...	kr. 120.000
Samtals	kr. 120.000

Framangreindar kröfur nema samtals kr. 8.564.172, sem eru stefnufjárhæðin.

Varðandi lagarök er í stefnu vitnað til 67. gr. og 69. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. 74. gr. og 49. gr. sömu laga, svo og almennu skaðabóta-reglunnar.

Við munnlegan flutning málsins lögðu stefnendur áherslu á, að krafan væri reist á hlutlægri bótareglu 1. mgr. 67. gr. l. 40/1968. Af þeirri ástæðu skipti sök bifreiðarstjórans ekki máli nema við mat á hugsanlegri eigin sök stefnanda Páls Þórissonar.

Enn fremur mótmælti lögmaður stefnenda við flutning málsins þeim kröfum stefndu, að fella bæri niður bætur að öllu leyti eða lækka vegna eigin sakar stefnanda Páls Þórissonar. 3. mgr. 67. gr. eigi ekki við í þessu máli. Í fyrsta lagi hafi stefnandi Páll Þórisson ekki sýnt af sér hegðun, sem hægt sé að reikna honum til sakar. Hann hafi á allan hátt hegðað sér á þann veg, sem búast megi við af níu ára gömlu barni. Útsýni til norðurs eftir Arnarbakkanum hafi verið skert vegna grindverks og hárra trjáa. Af þessum sökum hafi hann ekki haft nein tök á að afstýra árekstrinum. Í öðru lagi hafi bifreiðinni verið ekið óvarlega. Þegar virtar séu þær skemmdir, sem urðu á bifreiðinni, liggi fyrir, að höggið var allþungt, sem bendi til þess, að hraði hennar hafi verið meiri en segir í lögregluskýrslunni. Þá sé ljóst af gögnum málsins, að bifreiðin hafi verið á miðju vegarins, þegar áreksturinn varð. Enn fremur sé til þess að líta, að slysið varð fyrir

utan barnaskóla og barnaleikvöll. Hafi því verið þörf sérstakrar aðgæslu, þar sem vænta mátti barna að leik. Vitnaði lögmaðurinn til 49. gr. l. 40/1968, 3. mgr., d-, f- og l-liða. Sérstaklega var mótmælt þeirri fullyrðingu í greinargerð stefndu, að hjólinu hefði verið ekið hratt undan halla. Götuhallinn sé óverulegur, og verði skemmdirnar á bifreiðinni og hjólinu ekki skýrðar með öðru en miklum hraða bifreiðarinnar. Gáleysislegur akstur stefndu Siguróskar Rannveigar hafi átt sinn þátt í því, að stefnanda Páli Þórisssyni hafi ekki verið unnt að afstýra árekstrinum. Í þriðja lagi leiði ungur aldur stefnanda til þess, að ekki eigi að lækka bætur vegna eigin sakar. Vitnaði lögmaðurinn til Hrd. 1975, 1105, og Hrd. 1961, 186. Í fjórða lagi eigi að gera strangari kröfur við mat á eigin sök tjónþola, þegar hlutlæg bótaregla á í hlut eins og í þessu máli, sbr. Hrd. 1967, 171. Í því sambandi er jafnframt bent á, að löggjafinn hafi nú staðfest þetta með breytingu á 3. mgr. 67. gr. l. 40/1968, sbr. 2. mgr. 88. gr. núgildandi umferðarlaga nr. 50/1987, þar sem því aðeins megi fella niður eða lækka bætur, að tjónþoli hafi verið meðvaldur að því (sic) af ásetningi eða stórfelldu gáleysi. Hafi lagabreytingin aðeins verið staðfesting á því, sem tíðkaðist í framkvæmd. Í fimmta lagi mæli sanngirnissjónarmið með því, að niðurfellingu eða lækkun sé ekki beitt, þar sem afleiðingar árekstursins sé aðallega að rekja til hættueiginleika bifreiðarinnar.

Þá mótmælti stefnandi því, að við ákvörðun bóta bæri að draga frá reiknuðum bótum það, sem annars gengi til greiðslu opinberra gjalda, þ.e. 35,2%. Benda stefnendur á, að í fyrsta lagi hafi slys þetta átt sér stað, áður en staðgreiðsla skatta kom til sögunnar. Um þetta atriði beri því að beita eldri lögum. Í öðru lagi sé við útreikning örorkutjóns miðað við svo lágan launataxta, að tekjurnar séu skattfrjálsar vegna persónuafsláttarins, sbr. 13. gr. l. 92/1987. Enn fremur er bent á heimild til að nýta ónýttan persónuafslátt maka. Þá mótmælti stefnandi því sérstaklega, að draga bæri 10% frá bótunum vegna eingreiðsluhagræðis.

Varðandi vaxtakröfu er bent á, að til 1. maí 1987 sé krafist almennra sparisjóðsvaxta, en frá þeim degi sé miðað við meðaltal útlánsvaxta banka á almennum skuldabréfum til stefnubirtingardags, en síðan hæstu dráttarvaxta frá þeim degi til greiðsludags. Þetta sé í samræmi við núgildandi vaxtalög nr. 25/1987, sbr. 7. gr.

Málsástæður og lagarök stefndu.

Stefndu styðja sýknukröfu sína því, að Páll Þórisson hafi sjálfur valdið slysi sínu með stórfelldu gáleysi, en við bifreiðarstjórnann sé ekkert að sakaast, og beri því að fella fébætur niður, sbr. 3. mgr. 67. gr. l. 40/1968, sem voru í gildi, er slysið átti sér stað. Páll hafi sýnt af sér stórfellt gáleysi með því að hjóla skyndilega út á götuna og yfir á rangan vegarhelming

á miklum hraða undan brekku og beint á bifreiðina, auk þess sem hann reiddi farþega á hjólinu andstætt banni 5. mgr. 60. gr. 1. 40/1968. Hafi þetta skert möguleika hans til að hafa fullt vald á hjólinu, en hann hafi verið kominn til þess aldurs og þroska, að honum mátti vera ljós hættan af þessu atferli. Á hinn bóginn verði ökumanni bifreiðarinnar engin sök gefin á slysinu. Lögleyfður ökuhraði á Arnarbakka sé 50 km á klukkustund, en bifreiðinni hafi verið ekið á 30 km á klukkustund og að öllu leyti á réttum vegarhelmingi. Staðhæfingum í stefnu um hið gagnstæða sé mótmælt. Páll hafi hins vegar hjólað í veg fyrir og á bifreiðina með svo skjótum hætti, að ökumaður hafi ekkert ráðrúm haft til að afstýra árekstrinum. Af þessum sökum séu full efnisskilyrði til að fella bætur niður.

Varakröfu sína byggja stefndu á því, að ferð Páls í veg fyrir og á bifreiðina hafi verið svo gáleysisleg, að hann og foreldrar hans verði a.m.k. að bera stærstan hluta tjónsins sjálf, en auk þess beri að stórlækka stefnukröfurnar tölulega. Hrd. 1975, 1105, sem stefnendur vitni til, eigi ekki við, þar sem tjónþoli í því máli var mun yngri en Páll og atvik ólík. Sé Hrd. 1969, 96, mun nærtækari til samanburðar. Að öðru leyti vísa stefndu til röksemda með aðalkröfu.

Stefndu mótmæla einnig kröfugerð stefnenda tölulega. Frá örorkubótum skv. tjónsútreikningi beri vegna skattfrelsis bótanna að draga frá þann hluta, er ella gengi til greiðslu opinberra gjalda, þ.e. 35,2% miðað við núgildandi skattalöggjöf, nema stefnandi sanni, að frádrátturinn eigi að vera minni. Þá eigi að lækka kröfurnar um 10% vegna eingreiðsluhagræðis. Þá beri að draga frá bótunum verðmæti örorkulífeyris og tekjutryggingar almannatrygginga, kr. 2.911.368, sbr. dskj. nr. 6. Þá beri einnig að hafa hliðsjón af annarri samfélagsaðstoð. Miskabótakröfu beri að stórlækka. Samkvæmt læknisfræðilegum gögnum hafi vitundarstarfsemi Páls skerst svo mikið, að hann er lítt meðvitaður um miska sinn og raunverulegur miski því mun minni en annarra öryrkja með óskerta vitundarstarfsemi. Séu því ekki forsendur fyrir svo afbrigðilega háum miskabótum. Beri að ákvarða miskabætur í samræmi við dómvenju, ef til kemur. Vegna skattfrelsis og eingreiðslu eigi sömu sjónarmið og að framan greinir að leiða til lækkunar miskabóta.

Vaxtakröfum af umstefndum bótum er enn fremur mótmælt. Samkvæmt dómvenju eigi að dæmast einfaldir og almennir innlánsvextir á skaðabætur fyrir líkamstjón, en ekki samsettir vextir og dráttarvextir, eins og krafist sé í stefnu. Sé eðlilegt að ákveða vexti jafnháa og með sama hætti og gert er við útreikning bótanna. Eigi vextir skv. vaxtalögum nr. 25/1987 ekki við hér, enda hafi slysið orðið fyrir gildistöku þeirra, og skv. 3. gr. þeirra verði þeim ekki beitt, þar sem dómvenja standi til annars.

Við ákvörðun vaxta af miskabótakröfu sé og eðlilegast að reikna vexti eins og um fjárhagstjón (sic), ef miskinn er reiknaður á verðlagi slysdags. Ef miskinn er hins vegar reiknaður á verðlagi dómsuppsögudags, þá eigi að reikna vexti frá þeim degi, en ella ekki nema grunnvexti, þar sem höfuðstóllinn hefur notið verðtryggingar. Kröfuliðir vegna útlagðs kostnaðar tilheyri málskostnaði. Um vexti af afleiddum kröfum foreldra vegna vinnutaps eigi að fara með sama hætti og af kröfum Páls. Hins vegar mótmæla stefndu þeim kröfum sérstaklega sem vanreifuðum, ósönnuðum og allt of háum, enda séu þær sýnilega áætlaðar. Skorti öll gögn um raunverulegan tekjumissi, auk þess sem ekki verði séð, að læknisfræðileg nauðsyn lægi til viðveru foreldra allan þann tíma, er kröfurnar taka til.

Við munnlegan flutning málsins mótmælti lögmaður stefndu enn fremur kröfum vegna fataskemmda, þar sem ekki væri sannað, að framlagðir reikningar væru vegna þeirra fata, sem skemmdust. Þá sé reikningurinn fyrir reiðhjólíð vegna annars reiðhjóls en þess, sem Páll var á í umrætt sinn.

Niðurstaða.

Mál þetta er höfðað af þremur aðilum, þ.e. Páli Þórisssyni, Þóri Bjarnasyni og dánarbúi Grétu Pálsdóttur. Í kröfugerð er kröfum þeirra allra slegið saman, þ.e. stefnufjárhæðinni, vaxtakröfu og málskostnaðarkröfu, án frekari sundurgreiningar á því, hver hluti einstakra aðila er. Undir liðnum Málavextir og málsástæður í stefnu er að finna frekari útlistun á þessu. Kemur fram, að hlutur stefnanda Þóris Bjarnasonar í kröfunni er kr. 120.000 og hluti dánarbús Grétu Pálsdóttur kr. 840.000. Af þessu verður ályktað, að hluti stefnanda Páls Þórissonar sé kr. 7.604.172. Þá kemur fram í stefnu, sem nánar var útlistað við munnlegan flutning málsins, að vaxta er krafist af kröfulið stefnanda Þóris Bjarnasonar og dánarbús Grétu Pálsdóttur frá 1. september 1987. Vaxta af kröfulið Páls Þórissonar er krafist sem hér segir: Af bótum fyrir örorku, miska, fataskemmdir og skemmdir á reiðhjólí frá slysdegi, 26. september 1986, að viðbættum útlögðum ferðakostnaði frá 1. sept. 1987 og að viðbættum útlögðum kostnaði vegna læknisvottorða, örorkumats og örorkutjónsútreiknings frá 1. maí 1988.

Kröfur stefnanda Páls Þórissonar.

Stefnendur reisa kröfur sínar á hlutlægri bótareglu 1. mgr. 67. gr. 1. 40/1968, umferðarlaga, sem voru í gildi, er umrætt slys átti sér stað. Samkvæmt því skiptir sök stefndu Siguróskar á árekstrinum ekki máli nema að svo miklu leyti sem aksturslag hennar kann að hafa gert stefnanda Páli Þórisssyni erfiðara fyrir um að afstýra honum. Mál þetta snýst þar af leiðandi aðallega um það, hvort lækka beri bætur eða fella niður vegna eigin sakar Páls.

Samkvæmt gögnum málsins verður að telja fullyrðingar stefnenda um, að hraði bifreiðarinnar hafi verið meiri en segir í lögregluskýrslu og að bifreiðin hafi verið á miðju vegarins, með öllu ósannaðar. Rétt er þó að benda á, að skv. ljósmynd á dskj. nr. 20 sést, að mjög skömmu áður en komið er í beygjuna frá norðri, er viðvörðunarskilti á hægri hönd um börn að leik. Gaf þetta öikumanni bifreiðarinnar tilefni til að sýna sérstaka aðgæslu, ekki síst þar sem útsýni var skert í beygjunni. Hins vegar er upplýst, að stefnandi Páll hjólaði utan götunnar norðan megin Arnarbakka undan halla. Þegar hann var kominn á beygju til hægri, sveigði hann til vinstri og út á götuna og yfir á hægri vegarhelming. Í sömu andrá kom bifreiðin Í-2462 frá hægri. Í beygjunni, rétt um það bil, þar sem henni lýkur, varð árekstur með hjólinu og bifreiðinni með þeim afleiðingum, sem að framan er lýst. Má fallast á það með stefndu, að ferð Páls út á götuna og yfir á hægri helming hennar hafi verið gáleysisleg út frá almennum mælikvarða. Í því sambandi er þess einnig að geta, að Páll reiddi félaga sinn, Hrein Ólaf Davíðsson, og má því búast við, að honum hafi verið erfiðara um vik við stjórn reiðhjólsins en ella.

Samkvæmt 3. mgr. 67. gr. laganna, sbr. 4. gr. 1. 55/1981, má lækka fébætur eða láta þær alveg falla niður vegna eigin sakar tjónþola. Því er haldið fram af stefnanda, að ákvæði þetta beri að túlka svo, að því aðeins eigi að koma til lækkunar bóta, að tjónþoli hafi orðið meðvaldur af ásetningi eða stórfelldu gáleysi. Í fyrsta lagi sé þetta eðlilegt, þar sem hlutlæg bótaregla eigi í hlut. Í öðru lagi er bent á, að þessu ákvæði hafi nú verið breytt í framangreinda veru með 2. mgr. 88. gr. núgildandi umferðarlaga nr. 50/1987, sem tekið hafi gildi u.þ.b. ári eftir, að slys þetta átti sér stað.

Þegar höfð eru í huga þau rök, sem búa að baki hlutlægri bótareglu 1. mgr. 67. gr. 1. 40/1967, og sú þróun, sem leiddi til framangreindrar breytingar á 3. mgr. þeirrar greinar með 2. mgr. 88. gr. 1. 50/1987, þykir mega fallast á það með stefnanda Páli Þórisssyni, að eðlilegt sé að skýra 3. mgr. 67. gr. þröngt, þannig að til þurfi að koma aukið gáleysi, svo að unnt sé að lækka bætur eða fella niður vegna eigin sakar tjónþola.

Kemur þá til álita, hvort för stefnanda Páls Þórisssonar á reiðhjólinu í umrætt sinn hafi verið svo gáleysisleg, að fella beri niður eða lækka bætur honum til handa af þeim sökum. Þegar hliðsjón er höfð af aldri Páls, skertu útsýni til norðurs eftir Arnarbakka, þegar ekið er til vesturs, og því, að áreksturinn varð á svæði, þar sem börn eru mikið á ferð og að leik, verður ekki talið, að hegðun Páls Þórisssonar hafi verið svo gáleysisleg, að fella beri niður eða lækka bætur til hans af þeim sökum. Verða stefndu því dæmdir til að bæta tjón stefnanda Páls Þórisssonar að öllu leyti.

Krafa stefnanda Páls Þórissonar nemur samtals kr. 7.604.172. Verður nú fjallað um einstaka liði kröfunnar.

1. Vinnutekjutap vegna varanlegrar 100% örorku frá slysdegi auk áætlaðs verðmætis framlags vinnuveitanda í lífeyrissjóð er metið á kr. 5.517.832. Krafa þessi er byggð á örorkutjónsútreikningi Guðjóns Hansen tryggingafræðings á dskj. nr. 6. Hún er þannig fengin, að dregnar eru frá áætluðu verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi kr. 7.964.536 auk jafnvirðis framlags vinnuveitanda í lífeyrissjóð, kr. 464.664, verðmæti almenns örorkulífeyris, kr. 1.044.912, og óskertrar tekjutryggingar, kr. 1.866.456. Stefndu hafa ekki mótmælt útreikningum þessum sem slíkum. Verða þeir því lagðir til grundvallar. Þegar tillit hefur verið tekið til skattfrelsis bóttanna og eingreiðsluhagræðis, þykir þessi liður hæfilega áætlaður kr. 4.800.000. Er við þessa áætlun höfð hliðsjón af því, að örorkutjónsútreikningurinn er miðaður við tekjur, sem eru skattfrjálsar að stærstum hluta miðað við núgildandi skattalög.

2. Við ákvörðun miskabóta verður ekki talið skipta máli, hvort eða að hve miklu leyti stefnandi Páll Þórisson er sjálfur meðvitaður um miska sinn. Þegar hliðsjón er höfð af þeirri miklu röskun, sem slys þetta hefur haft í för með sér fyrir líf hans, þykir miskinn hæfilega ákveðinn kr. 1.500.000.

3. Stefnandi hefur lagt fram fjóra reikninga vegna fataskemmda, samtals að fjárhæð kr. 12.334, sem allir eru dagsettir rúmu ári eftir, að umrætt slys átti sér stað. Þeir geta því bersýnilega ekki verið fyrir þau fót, sem stefnandi var í, þegar slysið varð. Þá liggja ekki heldur fyrir nein gögn um það, hvort eða að hve miklu leyti þau fót skemmdust, sem stefnandi var í. Er því ekki unnt að taka lið þennan til greina.

4. Stefnandi hefur lagt fram á dskj. nr. 8 reikning vegna reiðhjóls, að fjárhæð kr. 12.480, d. 20. maí 1986. Reikningurinn er augljóslega ekki fyrir það reiðhjól, sem stefnandi var á í umrætt sinn, eins og stefndu hafa bent á. Samkvæmt gögnum málsins var stefnandi á reiðhjóli af tegundinni BMX. Reikningurinn er hins vegar fyrir Kalkhoff-reiðhjól, 24'', þriggja gíra. Þó hefur því ekki verið mótmælt, að reiðhjól stefnanda eyðilagðist við áreksturinn, né hefur því verið haldið fram, að það hjól hafi verið ódýrara en það, sem reikningurinn er fyrir. Af þessari ástæðu þykir mega leggja fjárhæð þessa til grundvallar. Er þessi liður því tekinn til greina.

5. Stefnandi gerir kröfu um greiðslu kostnaðar vegna aksturs foreldra til og frá sjúkrahúsum, samtals að fjárhæð kr. 26.270. Er miðað við, að farin hafi verið 71 ferð. Fyrir akstri þessum hefur stefnandi lagt fram 21 kvittun, samtals kr. 7.760. Er sú skýring gefin, að flestar ferðirnar hafi verið farnar á eigin bifreið. Því var ekki mótmælt af hálfu stefndu, að stefnandi Páll eigi rétt á bótum vegna þessa kostnaðar, enda þótt raun-

verulega sé um að ræða útgjöld foreldra. Þykja bætur vegna þessa hæfilega ákveðnar kr. 16.000.

6. Stefnandi gerir enn fremur kröfu um greiðslu útlagðs kostnaðar vegna læknisvottorða, örorkumats og örorkutjónsútreknings, kr. 35.256. Þar sem kostnaður þessi tilheyrir með réttu málskostnaði, verður hann ekki tekinn til greina við ákvörðun bótafjárhæðar.

Samkvæmt framansögðu verða kröfur stefnanda teknar til greina með kr. 6.328.480 með vöxtum, eins og í dómсорði greinir. Málskostnaður í þessum þætti málsins þykir hæfilega ákveðinn kr. 570.000, þ.m.t. söluskattur.

Kröfur stefnanda dánarbús Grétu Pálsdóttur.

Í málinu er gerð krafa um greiðslu á kr. 840.000 fyrir vinnutekjutap, sem Gréta heitin Pálsdóttir varð fyrir vegna umönnunar Páls frá 26. september 1986 til 1. september 1987. Í málinu hafa verið lögð fram tvö vottorð á dskj. nr. 14 og 15, sem sýna, að Gréta heitin var í fullri vinnu hjá Meistar- anum hf. allt til 1. október 1986, jafnframt því hafi hún unnið við ræstingar og hreingerningar í Laugarnesskóla í Reykjavík á tímabilinu 1. september 1973 til 26. september 1986. Þá kemur fram, að hún hafi unnið við kaffiumsjón í skólanum 1. september 1984-1985. Við upphaf aðalflutnings málsins þ. 9. desember sl. lagði stefnandi fram kauptaxta Verkavennafélagsins Framsóknar til viðmiðunar við mat á tekjutapi Grétu heitinnar vegna slyssins. Við munnlegan flutning málsins gerði lögmaður þessa stefnanda rækilega grein fyrir því, hvernig krafan er samsett. Það athugast í sambandi við greinargerð stefnanda um kröfu þessa, að ekki hefur komið fram í málinu, að Gréta heitin hafi verið félagsmaður í Verkavennafélaginu Framsókn, áður en hún lét af störfum, né hafa verið lögð fram gögn um, að hún hafi þegið laun samkvæmt launatöxtum þeim, sem lagðir hafa verið til grundvallar við útreikning kröfunnar. Þá athugast, að við þessa útreikninga var miðað við, að Gréta heitin hefði unnið 150 klst. í yfirvinnu á mánuði. Verður að ætla, að óraunhæft sé að ganga út frá, að hún hafi unnið svo mikið á umræddu tímabili. Enn fremur hefur ekki komið fram, hvaða starfa Gréta heitin hafði með höndum hjá Meistar- anum hf. Ekki hafa stefnendur lagt fram skattframtöl Grétu heitinnar eða launaseðla, sem sýnt gætu raunverulegar tekjur hennar síðustu mánuðina, sem hún var að vinna. Krafan er því sýnilega áætluð.

Í greinargerð stefndu á dóm skjali nr. 19 er hugsanlegri bótaskyldu stefndu á tjóni vegna vinnutekjutaps ekki mótmælt, en kröfunni hins vegar mótmælt sem vanreifaðri og of hárri. Við munnlegan flutning málsins var því enn fremur mótmælt, að unnt væri að leggja til grundvallar framlagða kauptaxta Verkavennafélagsins Framsóknar, enda verði ekki af gögnum málsins ráðið, að Gréta heitin hafi þegið laun samkvæmt þeim.

Þrátt fyrir framangreinda galla á kröfugerð stefnanda dánarbús Grétu Pálsdóttur þykir ekki alveg næg ástæða til að vísa kröfunni frá dómi.

Það er álit dómsins, að vinnutekjutap Grétu heitinnar Pálsdóttur sé bein afleiðing af slysi því, sem um ræðir í þessu máli. Enn fremur hafa stefndu ekki hnekkst því mati Sveins M. Gunnarssonar læknis á dskj. nr. 4, að viðvera Grétu heitinnar væri forsenda þess, að unnt væri að vinna að endurhæfingu sonar hennar. Þykir mega fallast á það, að dánarbú Grétu Pálsdóttur eigi rétt á bótum vegna þessa. Þegar tillit hefur verið tekið til starfsmenntunar Grétu heitinnar, aldurs, þeirra starfa, sem hún gegndi fyrir slysið, og skattfrelsis, þykja bætur þessar fyrir framangreint tímabil hæfilega ákveðnar kr. 450.000. Þá reiknast vextir á þessa fjárhæð, eins og í dómsorði greinir, frá 20. apríl 1988, en rétt þykir að miða upphafsdag vaxtanna við dagsetningu bréfs lögmanns stefnanda til stefnda Brunabótafélags Íslands á dómskjali nr. 13.

Málkostnaður í þessum þætti málsins fellur niður.

Kröfur stefnanda Þóris Bjarnasonar.

Stefnandi Þórir Bjarnason krefst bóta vegna vinnutekjutaps, sem hann telur sig hafa orðið fyrir vegna minnkandi yfirvinnu í kjölfar slyssins á tímabilinu 26. ágúst 1986 — 1. september 1987, kr. 120.000.

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en stefnandi Þórir Bjarnason hafi þegið laun fyrir fullt starf hjá Íslenska álfélaginu í Straumsvík á því tímabili, sem krafa hans tekur til. Að þessu athuguðu og með vísan til atvika að öðru leyti verður ekki fallist á, að umrætt slys hafi haft þau áhrif á möguleika hans til að afla tekna, að leiði til bótaskyldu stefndu. Ber því að sýkna stefndu af kröfum stefnanda Þóris Bjarnasonar í máli þessu.

Málkostnaður í þessum þætti málsins fellur niður.

Dóminn kvað upp Davíð Þór Björgvinsson, fulltrúi yfirborgardómara.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Sigurósk Rannveig Aðalsteinsdóttir og Brunabótafélag Íslands, greiði stefnanda Páli Þórisssyni kr. 6.312.480 með 9% ársvöxtum af kr. 6.312.480 frá 26. september 1986 til 21. janúar 1987, 9,5% ársvöxtum frá þ.d. til 1. mars s.á., 10,5% ársvöxtum frá þ.d. til 1. maí s.á., 12% ársvöxtum frá þ.d. til 21. júní s.á., 13% ársvöxtum frá þ.d. til 11. júlí s.á., 15% ársvöxtum frá þ.d. til 1. september s.á., en með sömu vöxtum af kr. 6.328.480 frá þ.d. til 21. september s.á., 17% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þ.d. til 11. október s.á., 19% ársvöxtum frá þ.d. til 1. nóvember s.á., 20% ársvöxtum frá þ.d. til 1. desember s.á., 22% ársvöxtum frá þ.d. til 20. janúar 1988, 20% ársvöxtum

frá þ.d. til 1. mars s.á., 19% ársvöxtum frá þ.d. til 6. apríl s.á., 33,2% ársvöxtum frá þ.d. til 1. maí s.á., 32% ársvöxtum frá þ.d. til 1. júní s.á., 35,6% ársvöxtum frá þ.d. til stefnubirtingardags 16. júní s.á., en síðan með hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum frá þ.d. til greiðsludags og kr. 570.000 í málskostnað, þ.m.t. söluskatt, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Dráttarvextir frá 6. apríl 1988 leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta skipti 6. apríl 1989.

Stefndu, Sigurósk Rannveig Aðalsteinsdóttir og Brunabótafélag Íslands, greiði stefnanda dánarbúi Grétu Pálsdóttur kr. 450.000 með sömu vöxtum og að ofan greinir frá 20. apríl 1988 til greiðsludags, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum. Dráttarvextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 20. apríl 1989. Málskostnaður í þessum þætti málsins fellur niður.

Stefndu, Sigurósk Rannveig Aðalsteinsdóttir og Brunabótafélag Íslands, skulu vera sýkn af kröfum stefnanda Þóris Bjarnasonar. Málskostnaður í þessum þætti málsins fellur niður.